

## Fjórðungssamband Vestfirðinga

### Fjárhagsáætlun 2017.

Lögð fyrir haustþing Fjórðungssamband Vestfirðinga, haldið á Hólmavík 9.-10. september 2016.

	Áætlun 2017	Endursk áætl 2016	2016	Ársreikn 2015
Framlög, styrkir og aðrar tekjur	250.390.000	275.675.000	267.830.000	242.804.619
Laun og launat.gjöld	59.116.000	61.740.000	52.852.000	48.088.634
Sérverkefni og skrifstkostn	182.136.000	210.864.000	203.414.000	192.617.892
	241.252.000	275.604.000	264.366.000	240.706.526
Ónotaðir styrkir	5.300.000	3.000.000	8.100.000	
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	3.587.000	71.000	3.464.000	2.098.093
Fjármunatekjur og gjöld	200.000	1.250.000	1.550.000	1.744.411
Afskriftir	250.000	175.000	175.000	175.442
Rekstrarafkoma	4.037.700	1.146.000	4.839.000	3.667.062

### Greinargerð með fjárhagsáætlun 2017

Fjárhagsáætlun er lögð fram miðað við núverandi skipulags á samstarfi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Fjárhagsáætlun 2017 er hér lögð fram í fyrsta sinn samkvæmt nýjum samþykktum. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var samþykkt á 61. Fjórðungsþingi. Við gerð fjárhagsáætlunar 2017 var stuðst við endurskoðað fjárhagsáætlun 2016 og stöðu bókhalds í lok júlí 2016.

Kjarasamningsbundnar launahækkningar eiga nema að meðaltali á árinu um 3 % og taka gildi þann 1. júní 2017. Einnig kemur til starfsaldurshækkun starfsmanna og áætlað er að stjórnar- og nefndarlauna muni hækka um 7 % m.t.t. þróun þingfarakaups. Á árinu 2016 voru greiddar út afturvirkar eingreiðslur samkvæmt kjarasamningum auk þess sem áætlað var að þingfarakaup myndi hækka afturvirk, sem varð síðan ekki. Þetta leiðir til lækkunar á launaliðum frá árinu 2016 um 2,7 mkr.

Fimm áhersluverkefni sóknaráætlunar Vestfjarða eru með beinni aðkomu FV, samtals að fjárhæð kr 13.000.000,-. Þetta eru verkefniin Visit Westfjords, Umhverfissvottaðir Vestfirðir, Vestfirðir altengdir, Aftur heim til Vestfjarða og Kortlagning menningar og skapandi greina. Verkefniin verða að meginhluta unnin með aðkeyptri þjónustu.

Samanlögð framlög (tekjur) frá áætlun 2016 og endurskoðaðri áætlun 2016 lækka um 25 mkr en útgjöld til sérverkefna og skrifstofukostnaðar lækka um tæpar 34 mkr. Hér er meginskýring að árinu 2016 mun verkefniinu Markaðsátak sveitarfélaga og verkefnum í sóknaráætlun frá árinu 2015 en tekjur þessa verkefna höfðu verði fluttar til ársins 2016.

Varðandi kostnaðarliði skrifstofu þá er í áætluninni er gengið út frá því mati að verðbólguþróun á milli áráanna 2016 og 2017 verði 4 %. Í hluta rekstarliða hefur þó tekist að halda kostnaði lægri sem þessu nemur.

### **Starfsemi deilda.**

#### **Almenn deild.**

Verkefni almennrar deildar breytist með starfi skrifstofustjóra FV, sem mun einnig sinna sérverkefnum s.s. umhverfissvottun..

Deildin aukin eftirfylgni mála gagnvart Alþingi og meiri sýnileiki í þeim störfum. Einnig verður fylgt eftir verkefni frá árinu 2016, Vestfirðir altengdir.

#### **Byggðaðróun.**

Lagt er til að kr 3.000.000,- af framlögum sveitarfélaga verði færð á deild byggðaðróunar á árinu 2016. Með þeim hætti endurspeglast betur áherslur í starfi FV.

Áhersluverkefni. Sóknaráætlun Vestfjarða hefur samþykkt áhersluverkefni að fjárhæð 2.200 þkr til að efla verkefnið um umhverfissvottun sveitarfélaga. Framlagið gengur að mestu til aðkeyptrar þjónustu.

### **Menningarmál**

Framlag til menningarmála verði óbreytt eða kr 9.900.000,-. Samkvæmt samningi um sóknaráætlun renna kr 7.910.000,- til áhersluverkefnis um sameiginlega menningarstefnu á Vestfjörðum og rekstur menningarfulltrúa. Gert er að tillögu að allt framlagið kr 9.900.000,- verði skilgreint sem áhersluverkefni á sviði menningarmála og sem lið í að auka framlög áætlunarinnar á móti framlögum frá stjórnvöldum.

Með samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða fylgir fjármagn til reksturs áætlunarinnar og Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. Menningarfulltrúi hefur haft þungan af því starfi og hefur þá fjármagn sem ætlað til menningarmála ekki verið nýtt nema að hluta og því skilað rekstarafgangi sem fluttur hefur verið á milli ára. Nú má telja að ákveðnu þróunarstarfi sé lokið í tengslum við sóknaráætlun og meiri rútína sé komin í umsjó. Því er gert að tillögu að starfshlutfall varðandi Uppbyggingarsjóði þ.e. utanumhald styrkja verði lækkað og fært til starf skrifstofustjóra. Fjármagn til menningarmála verði því aftur að fullu nýtt til menningarmála.

### **Markaðsstofa.**

Lagt er til að framlag sveitarfélaga kr 6.800.000,- til markaðsmála verði óbreytt frá árinu 2016.

Lagt er til að framlagið í heild sinni verði síðan skilgreint sem hækkun á framlögum sveitarfélaga á Vestfjörðum til sóknaráætlunar á árinu 2017.

### **Almenningssamgöngur.**

Vinna er hafin við þróunarverkefni í almenningssamgöngum á Tálknafirði og Vesturbyggð og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2016 að 4 mkr verði ráðstafað frá FV til þessa verkefnis, af uppsöfnuðu fjármagni til þróunarverkefna. Verkefnið er ekki hafið og því er gerður fyrirvari á að flytja þurfi framlag sem flutt var frá árinu 2015 til ársins 2017. Inn í þessu verkefni er fjármagn sem Vegagerðin samþykkti til þess á árinu 2016. Sett er að skilyrði að samningar takist við sveitarfélög og atvinnulíf í sveitarfélögunum um framhald verkefnisins á árinu 2017.

Lagt er síðan til að FV dragi úr beinni vinnu við þróun almenningssamgangna og aukin verði kaup á sérfræðiaðstoð ef á þarf að halda. Er þetta gert í samhengi við þróun á starfi skrifstofustjóra sem hefur sinnt þessu verkefni á byggðþróunardeild. Ákvörðun þessi er einnig viðbrögð við stefnu stjórnvalda að láta þróun almenningssamgangna liggja á hakanum. En þar hafa fjárveitingar staðið í stað og ekki hefur verið fylgt eftir loforðum um að breytingu á lögum um almenningssamgöngur til hagsbóta fyrir landshlutasamtökin.